

Minjastofnun Íslands

Ársskýrsla 2019



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland



Ljósmynd á forsíðu: Inga Sóley Kristjónudóttir, starfandi minjavörður á Vestfjörðum, mælir upp hlaðna, volga laug við bæjarstæði Dynjanda á Vestfjörðum.

Ljósmynd: Sólrún Inga Traustadóttir.

© 2020

Minjastofnun Íslands

Öll réttindi áskilin

Minjastofnun Íslands

Suðurgata 39

101 Reykjavík

Ísland

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is

www.minjastofnun.is

Ritstjórn:

Agnes Stefánsdóttir

Ásta Hermannsdóttir

ISSN 2547-6475

Efnisyfirlit

1.	Ávarp forstöðumanns	4
2.	Um stofnunina	5
2.1	Víkurgarður	5
2.2	Mannauðsmál	6
2.3	Húsnæðismál	6
2.4	Starfsmannaferðir	6
2.5	Ráðgefandi nefndir og minjaráð	7
2.5.1	Fornminjanefnd	8
2.5.2	Húsafriðunarnefnd	8
2.5.3	Minjaráð	8
3.	Málafjöldi og viðfangsefni	9
3.1	Fjöldi mála	9
3.2	Fjölbreytt viðfangsefni	9
4.	Rannsóknir og miðlun	12
4.1	Rannsóknir á menningarminjum	12
4.1.1	Gagnasöfn fornleifarannsókna	14
4.2	Skráning menningarminja	15
4.3	Miðlun	15
4.3.1	Útgáfa	15
4.3.2	Samfélagsmiðlar	16
4.3.3	Námskeið	16
4.3.4	Ráðstefnur og fundir	17
4.4	Innviðauppygging á ferðamannastöðum	17
5.	Verndun og friðlýsingar	18
5.1	Friðlýsingar	18
5.2	Tillögur að friðlýsingum	18
5.3	Verndarsvæði í byggð	18
5.4	Verndaráætlanir	18
6.	Inn- og útflutningur menningarminja	20
7.	Samstarfsverkefni	21
7.1	Innlent samstarf	21
7.2	Alþjóðlegt samstarf	21
8.	Minjasvæði	25
8.1	Reykjavík og nágrenni	25
8.2	Reykjanes	26

8.3	Vesturland.....	28
8.4	Vestfirðir	29
8.5	Norðurland vestra	30
8.6	Norðurland eystra	31
8.7	Austurland	32
8.8	Suðurland.....	33
9.	Úthlutanir úr sjóðum	35
9.1	Fornminjasjóður.....	35
9.2	Húsafriðunarsjóður	36
10.	Fjármál	37
10.1	Minjastofnun Íslands – rekstrarreikningur.....	37
10.2	Fornminjasjóður – rekstrarreikningur	38
10.3	Húsafriðunarsjóður – rekstrarreikningur.....	38
11.	Starfsmenn	40

1. Ávarp forstöðumanns

Forstöðumaður Minjastofnunar er stoltur af dugnaði síns starfsfólks. Þrátt fyrir að minjavarslan sé sífellt í varnarbaráttu samhliða krefjandi verkefnum, þá lýkur fámennt en öflugt starfslið á ári hverju þúsundum tímafrekra verkefna: Umsögnum vegna umhverfismats, framkvæmda og skipulags, skráningu minja, eftirliti með viðgerðum húsa, minjum og rannsóknum, innviðauppbýggingu á minjastöðum, leyfisveitingum vegna rannsókna og viðgerða, friðlýsingum og miðlun upplýsinga. Starfsfólkið heldur einnig tengslum við erlenda og innlenda samstarfsaðila, úthlutar úr sjóðum, sinnir stefnumótun, eftirliti og samningagerð ásamt ýmiss konar lögbundinni ráðgjöf. Samsvarandi stofnanir hérlandis hafa fjölmennar deildir sem fást við hvert af þessum verkefnum fyrir sig. Hjá Minjastofnun eru það um 20 starfsmenn, ofhlaðnir vinnu en með bros á vör, sem sinna minjavörslunni - starfinu sem þau brenna fyrir.

Í upphafi árs 2019 hélt forstöðumaður Minjastofnunar Íslands fyrirlestur á ráðstefnu European Archaeological Council (EAC) í Dublin um vernd minjastaða og menningarlandslags í umsjón ríkisins. Nú þegar horft er yfir árið kemur fyrst og fremst upp í hugann hve einfalt verkefnið væri ef almennt væri munað eftir minjageiranum við stefnumótun er snertir umhverfi landsins, ferðaþjónustu og skipulag og hann fengi eðlilegan fjárstuðning þannig að minjavernd á Íslandi fengi tækifæri til að blómstra á sama hátt og náttúruvernd.

Menningarminjar landsins og Minjastofnun gleymdust í sáttmála ríkisstjórnarinnar frá því í nóvember 2017. Í honum er lögð áhersla á eflingu safna og friðlýsingar í tengslum við uppbyggingu og vernd vegna ferðaþjónustu, en það er einungis friðlýsing náttúruminja sem lögð er áhersla á. Það gleymdist að í umhverfinu eru einnig menningarminjar. Horft var fram hjá minjavörslunni við gerð frumvarpa um miðhálandisþjóðgarð og Þjóðgarðastofnun og þeirri staðreynd að undir mennta- og menningarmálaráðuneyti er ríkisstofnun, Minjastofnun Íslands, sem fer með stjórnsýslu jarðfastra menningarminja landsins. Stofnunin hefur enga aðkomu að stjórnnum miðhálandisþjóðgarðs og Þjóðgarðastofnunar í frumvörpunum sem flutt voru á Alþingi á síðasta ári. Horft er fram hjá minjavörslunni við samþykkt fjárlaga, þannig að á sama tíma og hundruðum milljóna króna er veitt til að vinna að friðlýsingu náttúruminja landsins fer ekki ein króna til Minjastofnunar Íslands svo hún geti sinnt því lögbundna hlutverki sínu að friðlýsa menningarminjar og menningarlandslag og halda minjum í umhverfinu við. Staðreyndin er nefnilega sú að á flestum friðlýstu náttúrusvæðunum er fjöldi menningarminja sem þarf að sinna á sama hátt og náttúru Íslands; meta minjarnar, vinna verndaráætlanir um þær og stjórnunaráætlanir.

Er ekki kominn tími til að breyta hugsunarhættinum og efla minjavörsluna líka ?



Kristín Huld
Sigurðardóttir
furstöðumaður
Minjastofnunar Íslands.

Kristín Huld Sigurðardóttir
furstöðumaður

2. Um stofnunina

2.1 Víkurgarður

Þann 8. janúar staðfesti Lilja Dögg Alfredsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, tillögu Minjastofnunar Íslands um friðlýsingu leifa kirkju og kirkjugarðs og annarra fornminja innan lóðarmarka Víkurgarðs (gamla kirkjugarðsins við Aðalstræti).

Eins undarlega og það hljómar þá var Víkurgarður í Reykjavík ekki meðal þeirra minja sem voru friðlýstar í friðlýsingarátaki sem náði til um 800 minja á fyrri hluta 20. aldar. Undir hellulögðu yfirborði Víkurgarðs liggur saga 1200 ára búsetu í Reykjavík. Ætla má að kirkja hafi risið á þessum stað fljótlega eftir kristnitöku en fyrstu rituðu heimildir um kirkju á þessum stað er kirknatal Páls Jónssonar biskups frá um 1200. Grafreitur var gerður við kirkjuna og mun hann hafa verið notaður um 800 ára skeið. Nokkuð hefur verið á garðinn gengið vegna gatna, lagna og bygginga sem að honum liggja. Seinasta kirkjan sem í garðinum stóð var rifin árið 1799 og var þá sléttað yfir grunninn. Víkurgarður þjónaði sem kirkjugarður Reykvíkinga fram til ársins 1838 er kirkjugarðurinn við Suðurgötu (Hólavallagarður) var tekinn í notkun. Eftir það var lítið grafið í garðinum. Ætla má að jarðneskar leifar 30 kynslóða Reykvíkinga hvíli í garðinum. Árið 1883 fékk H.J.G. Schierbeck umráð yfir kirkjugarðinum með það í huga að gera þar aldingarð. Enn stendur eitt tré, silfurreynir, af þeim sem hann gróðursetti í garðinum sumarið 1884. Er hann elsta, lifandi innflutta garðplantan í landinu og minnismerki um upphaf ræktunarmenningar hér á landi.

Minjarnar fengu vernd árið 1989 en það ár voru samþykkt ný þjóðminjalög. Í 16. grein laganna var kveðið á um að allar minjar sem náð höfðu 100 ára aldri væru friðaðar. Það er stigsmunur á friðuðum og friðlýstum minjum. Um þær síðarnefndu gilda strangari reglur. Þær teljast til þjóðminja, þ.e. jarðfastra minja sem eru einstakar og hafa sérstaka merkingu og mikilvægi fyrir menningarsögu Íslands.

Ljóst var að ýmsar áætlanir tengdar hótélbyggingu á svokölluðum Landssímareit og viðhorf til nýtingar nánasta umhverfis byggingarinnar gerðu ekki ráð fyrir að þar væri einn merkasti minjastaður Reykjavíkur. Til að sýna Víkurgarði viðeigandi virðingu ákvað Minjastofnun að herða friðun svæðisins, hefja friðlýsingarferli og fara þess á leit við ráðherra að svæðið yrði friðlýst. Vinnan við friðlýsingu hófst haustið 2018 og friðlýsingin var undirrituð, eins og áður sagði, 8. janúar 2019.

Friðlýsingin nær ekki yfir allan kirkjugarðinn. Um það bil 18 metra breitt svæði af austasta hluta kirkjugarðsins var undanskilið. Svæðið var mjög raskað, en það breytir því þó ekki að það mun ætíð vera hluti kirkjugarðsins. Það sem gerði útslagið var að svæðið var innan byggingalóðar sem Reykjavíkurborg hafði úthlutað til framkvæmdaaðila og sá ríkið fram á háar bótagreiðslur ef svæðið yrði friðlýst. Var því fallið frá friðlýsingu þess svæðis með því skilyrði að hvorki yrði inngangur né aðkoma birgða í hótelið við Víkurgarð, enda er vesturveggur hótelsins á lóðamörkum.

Friðlýsta svæðið nær yfir leifar kirkju og kirkjugarðs og annarra fornminja innan lóðarmarka Víkurgarðs - gamla kirkjugarðsins við Aðalstræti. Friðlýsingin nær einnig til staðarins sjálfs vegna gildis hans fyrir menningarsögu Íslands. Ekki er gert ráð 100 metra friðhelgu svæði umhverfis garðinn sbr. 22. gr. laga um menningarminjar þar sem götur og aðliggjandi lóðir takmarka áhrifasvæði hans.

Framkvæmdaaðili fékk auk þess leyfi Reykjavíkurborgar til að nýta stóran hluta kirkjugarðsins sem athafnasvæði meðan á byggingaframkvæmdum stendur án heimildar Minjastofnunar Íslands og gerði Minjastofnun ítrekaðar athugasemdir við það.

Með tillögu sinni að friðlýsingu Víkurgarðsins vill Minjastofnun vernda og afstýra frekari spjöllum á merkum menningarminjum og legstöðum innan garðsins og tryggja að framtíðarnýting hans og yfirbragð endurspegli helgi staðarins og gildi hans fyrir sögu Reykjavíkur. Þetta þýðir m.a. að sú kvöð er hér lögð á að engar framkvæmdir eða skipulagsaðgerðir má ráðast í á hinna friðlýstu eign nema í samráði við Minjastofnun og að fengnu sannanlegu samþykki stofnunarinnar.

Minjastofnun átti frumkvæði að því að óska eftir samvinnu við Reykjavíkurborg um að efna til hönnunarkeppni um framtíðarútlit kirkjugarðsins. Þar var lögð áhersla á að hlutverki garðsins í gegnum aldirnar yrði sýnd virðing. Lokið var við drög að keppnislýsingu árið 2019. Er áætlað að verkefnið fari af stað árið 2020.

2.2 Mannauðsmál

Þann 1. apríl lét Rúnar Leifsson, minjavörður Norðurlands eystra, af störfum hjá Minjastofnun. Við starfi hans tók Sædis Gunnarsdóttir, fornleifafræðingur, en hún var ráðin úr hópi átta umsækjenda um stöðuna sem auglýst var í janúar.

Í janúar var einnig önnur staða hjá stofnuninni auglýst, þ.e. starf við fjarvinnslu á Djúpavogi, en fjármagn fyrir þeirri stöðu fékkst frá Bygðastofnun með vísan í aðgerð *B.8 Fjarvinnslustöðvar* í stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2018–2024. Í þá stöðu var ráðin Hera Líf Liljudóttir og gegndi hún henni frá apríl til júlí þegar hún sagði starfinu lausu.

Verkefnaráðningar Sólrúnar Ingu Traustadóttur og Ingu Sóleyjar Kristjónadóttur voru framlengdar út árið 2019.

2.3 Húsnæðismál

Undir lok októbermánaðar komu í ljós miklar rakaskemmdir í kjallara aðalskrifstofu Minjastofnunar, Suðurgötu 39 í Reykjavík. Mikil mygla leyndist í veggjum kjallarans og ljóst að fara þyrfti í viðamiklar framkvæmdir til að komast fyrir hana. Starfsmenn stofnunarinnar hófust strax handa við að flytja allt úr kjallaranum í gáma og geymsluhúsnæði til að hægt væri að hefja framkvæmdir. Að því loknu gátu iðnaðarmenn hafið sína vinnu. Minjastofnun leigir húsnæðið af Ríkiseignum, en ekki tókst að finna stofnuninni nýtt húsnæði á meðan á framkvæmdunum stæði og var því öll starfsemi stofnunarinnar færð upp á 1. og 2. hæð hússins. Í kjallara eru eldhús og kaffiaðstaða, bókasafn, tölvuherbergi, fundarsalur, salerni, skjalageymsla og geymslurými. Það hafði því mikil áhrif á starfsemi stofnunarinnar að missa þessi rými því t.a.m. er engin önnur eldhúsaðstaða í húsinu, nothæfum salernum fækkaði um helming og engin fundaraðstaða var til staðar. Um áramót var enn ófyrirséð hvenær framkvæmdum myndi ljúka.

2.4 Starfsmannaferðir

Dagana 3.–7. apríl fór starfsfólk Minjastofnunar í kynnisferð til Berlínar. Kynnisferðir sem þessi eru ætlaðar til að kynnast minjavörslu í öðrum löndum og voru í ferðinni heimsóttar systurstofnanir í Brandenburg og Berlín.

Í Brandenburg tók prof. dr. Franz Schopper, Direktor, Landesarchäologie og Museumsdirektor, við hópnum og fræddi um starfsemi sinnar stofnunar, *Brandenburgisches Landesamt für Denkmalpflege und Archäologisches Landesmuseum*, auk þess sem *Archäologisches Landesmuseum Brandenburg* var skoðað.

Í Berlín tók dr. Christoph Rauhut, Landeskonservator, við hópnum og kynnti starfsemi sinnar stofnunar, *Landesdenkmalamt Berlin*. Þar fræddist hópurinn helst um húsvernd í Berlín en einnig fornleifarannsóknir í tengslum við framkvæmdir.

Sendiráð Íslands í Berlín var einnig sótt heim og fræddi staðgengill sendiherra, Elín R. Sigurðardóttir, hópinn um menningarstarfsemi sendiráðsins.



Hópurinn á göngu í Brandenburg, gamalt klausturhús sem hýsir Archäologisches Landesmuseum Brandenburg í baksýn.

2.5 Ráðgefandi nefndir og minjaráð

Minjastofnun Íslands nýtur ráðgjafar tveggja nefnda; fornminjanefndar og húsafríðunarnefndar, og að auki kveða lög á um að skipa skuli ráðgefandi minjaráð á hverju minjasvæði, mönnuð hagsmunaaðilum frá minjasvæðunum. Upplýsingar um minjaráðin má finna [undir hverju minjasvæði á heimasíðu Minjastofnunar](#).

2.5.1 Fornminjanefnd

Í nefndinni sitja fimm aðalmenn og fimm varamenn. Lista yfir þá má finna á [heimasíðu Minjastofnunar](#). Sú breyting varð á skipun nefndarinnar á árinu að Kristín Þórðardóttir formaður nefndarinnar, skipuð af mennta- og menningarmálaráðherra, baðst lausnar og tók varamaður hennar, Guðmundur Hálfðánarson, við sem formaður í kjölfarið. Í hans stað var skipuð varamaður Ragnheiður H. Þórarinsdóttir.

Haldnir voru fimm fundir í fornminjanefnd á árinu. Auk þeirra voru tveir heilsdags vinnufundir vegna úthlutana úr fornminjasjóði 19. og 20. febrúar. Nefndin fór einnig í skoðunarferð í nýtt húsnæði Þjóðminjasafns Íslands í Hafnarfirði 8. febrúar.

2.5.2 Húsafríðunarnefnd

Í nefndinni sitja fimm aðalmenn og fimm varamenn. Lista yfir nefndarmenn má finna á [heimasíðu Minjastofnunar](#).

Haldnir voru fimm fundir í húsafríðunarnefnd á árinu og fór nefndin í tvær vettvangsferðir. Þann 9. apríl var Hegningarhúsið í Reykjavík skoðað undir leiðsögn Hjörleifs Stefánssonar arkitekts. Þann 21. júní var farin dagsferð um byggðir Árnessýslu, með viðkomu í Austur-Meðalholtum í Flóa, Villingaholtskirkju, Rjórabúi á Baugsstöðum, Knarrarósvita, Ísólfseskála við Stokkseyri og elsta hluta Eyrarbakka.

2.5.3 Minjaráð

Ný minjaráð voru skipuð á flestum minjasvæðum í byrjun árs. Gengið var frá skipun minjaráðs á Vestfjörðum í lok september en ekki hafði verið gengið frá skipun í minjaráð Reykjavíkur og nágrennis fyrir árslok.

Breytingar voru gerðar á skipunum í minjaráðin frá því sem áður hafði verið. Fækkað var í ráðunum, gert ráð fyrir að skipaðir væru varamenn með sama hætti og aðalmenn og í stað Þjóðminjasafns Íslands sem tilnefndi aðila í minjaráð 2015–2018 tilnefndi nú Safnaráð í minjaráð 2019–2022. Lista yfir minjaráðsfulltrúa á hverju minjasvæði má sjá á [heimasíðu Minjastofnunar](#).

3. Mála fjöldi og viðfangsefni

3.1 Fjöldi mála

Árið 2019 voru 1323 mál skráð í GoPro.net, málakerfi stofnunarinnar. Er það nær sami fjöldi og skráður var í kerfið árið 2018 þegar 1335 mál voru skráð. Tekið skal fram að fjöldi mála gefur einungis ákveðna innsýn í starfsemi stofnunarinnar. Mörg verkefni ná yfir fleiri en eitt ár auk þess sem hluti starfseminnar, sem snýr t.a.m. að útgáfu og miðlun, ráðgjöf og leiðbeiningum, ratar ekki inn í málaskráningarkerfið.


3.2 Fjölbreytt viðfangsefni


Hátt í 300 skráð mál á árinu 2019 tengjast umsóknum í húsafríðunar- og fornminjasjóði. Mál skráð sem almenn mál er varða viðhald og varðveislu menningarminja sem og mál er varða viðhald, endurbætur og forvörslu menningarminja eru samtals rúmlega 100 undir tveimur málalyklum.

Umsóknir, umsagnir og leyfi vegna fornleifauppgrafa eru skráð 38 á árinu. Sú tala sýnir þó einungis lítinn hluta af þeim málum sem raunverulega voru afgreidd á árinu þar sem leyfi til rannsókna eru veitt undir eldri málsnúmerum þegar um framhaldsrannsóknir er að ræða. Nýtt mál er því ekki skráð í hvert sinn. Nánari upplýsingar um fornleifarannsóknir ársins má finna í [kafla 4.1](#).


Eitt af mikilvægustu verkefnum Minjastofnunar Íslands er eftirlits- og umsagnarhlutverk stofnunarinnar varðandi ýmiss konar skipulagsvinnu og framkvæmdir. Eru þær allt frá breytingum á friðuðum, friðlýstum húsum og umsagnarskyldum húsum og mannvirkjum að mati á umhverfisáhrifum stórra byggingarframkvæmda og skipulagi sveitarfélaga. Samtals voru skráð 776 slík mál á árinu, undir sex málalyklum.

Hér má sjá dæmi um fjölda mála eftir minjasvæðum:






Undir ýmsar framkvæmdir falla t.a.m. byggingareitir utan deiliskipulags, línulagnir, skógrækt og aðrar framkvæmdir sem hafa jarðrask í för með sér.




Undir umhverfismat falla öll mál er tengjast umhverfismati, þ.e. umsagnir um umhverfismat, umhverfismatsskyldu og tillögur að matsáætlunum.

Friðuð, friðlýst og varðveisluverð hús og mannvirki



Heildarmálafjöldi á árinu eftir minjasvæðum




4. Rannsóknir og miðlun

4.1 Rannsóknir á menningarminjum


Veitt voru 52 leyfi til fornleifarannsóknna árið 2019. Það eru heldur færri leyfi en verið hafa undanfarin þrjú ár. [Yfirlit yfir veitt rannsóknarleyfi 2019 má sjá á heimasíðu stofnunarinnar.](#)

Ár	Veitt leyfi	Þar af vísindarannsóknir
2015	46	26
2016	55	36
2017	59	34
2018	63	34
2019	52	22


Rúmlega helmingur rannsókna ársins 2019 eru tilkomnar vegna framkvæmda (framkvæmdarannsóknir og framkvæmdaeftirlit). Ein rannsókn var flokkuð sem könnunarrannsókn en það var lítil rannsókn á vegum Minjastofnunar Íslands í Stöng í Þjórsárdal, sem gerð var vegna fyrirhugaðra lagfæringa á yfirbyggingu yfir skálann þar. Skilgreiningu á tegundum rannsókna má sjá á [heimasíðu Minjastofnunar](#).



Dreyfing rannsóknarstaða eftir landshlutum



Þar sem sum rannsóknarleyfin ná yfir fleiri en einn rannsóknarstað er fjöldi rannsóknarstaða 80 (sjá kort yfir dreifingu rannsóknarstaða). Flestar rannsóknir voru á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurlandi, sem helgast af því að þar er íbúafjöldi mestur og flestar framkvæmdir.



Ef litið er sérstaklega til rannsókna sem flokkast sem vísindarannsóknir er dreifingin nokkuð jöfn eftir minjasvæðum, en flestar eru rannsóknirnar á Suðurlandi (6) og færast á Vesturlandi (1).

4.1.1 Gagnasöfn fornleifarannsókna

Í október 2018 hófst átak í eftirfylgni með skilum á gagnasöfnum úr fornleifarannsóknum og hélt það áfram út árið 2019. Átakið var sett á vegna athugasemda Ríkisendurskoðunar í tengslum við stöðu skila rannsóknargagna úr fornleifarannsóknum árin 1990–2015. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar (útg. maí 2018) kom fram að skil á skýrslum vegna fornleifarannsókna hefðu verið 83,4% fyrir árin 1990–2001 en í lok árs 2019 standa skil fyrir þessi ár í 93,8% og hafa því aukist um 10,4% frá því að átakaverkefnið hófst. Skil á skýrslum vegna áranna 2002–2015 voru 92,7% í lok árs 2019. Meðaltal skýrsluskila fyrir árin 1990–2015 er 92,3%. Samkvæmt upplýsingum sem Minjastofnun Íslands hefur fengið á samstarfsfundum minjastofnana í Evrópu telst þetta hlutfall mjög gott ef miðað er við önnur lönd innan Evrópu.

Í úthlutun fornminjasjóðs árið 2019 var lögð áhersla á að veita styrki til verkefna er sneru að skilum frumgagna og gripa úr fornleifarannsóknum. Alls hlutu þrjú slík verkefni styrk, samtals að upphæð 5.480.000 kr. Alls er um að ræða skil úr 25 rannsóknum sem fóru fram á árunum 1991–2015. Gagnasöfnum úr 23 rannsóknum af þessum 25 var skilað til Þjóðminjasafns Íslands á árinu 2019 og áætlað er að ljúka skilum á hinum tveimur á árinu 2020, enda skipulag og undirbúningur komin vel á veg. Um er að ræða tugþúsundir gripa auk ýmissa frumgagna, s.s. teikninga, ljósmynda og margs konar skráningarblaða. Auk þessa hafa gagnasöfn úr fleiri rannsóknum skilað sér til Þjóðminjasafns. Minjastofnun mun halda áfram að kalla eftir gögnum úr rannsóknum sem er lokið og samkvæmt upplýsingum stofnunarinnar eru margir leyfishafar að undirbúa skil á gagnasöfnum til Þjóðminjasafns. Einnig eru rannsakendur að vinna eða ljúka við skýrslur sem Minjastofnun hefur nú þegar kallað eftir.

Taflan hér fyrir neðan sýnir hlutfall skila á skýrslum fyrir árin 2001–2015 og munu þessar tölur hækka á árinu 2020.

Skil áfanga- og lokaskýrslna 2001–2015				
Fjöldi rannsókna sem fór fram		Já	Nei	Prósenta
2001	25	24	1	96%
2002	26	26	0	100%
2003	38	35	3	92%
2004	41	40	1	98%
2005	42	42	1	100%
2006	55	50	5	91%
2007	53	49	4	92%
2008	50	48	2	96%
2009	55	52	3	95%
2010	39	37	2	95%
2011	41	38	3	93%
2012	37	33	4	89%

2013	41	34	7	83%
2014	40	33	7	83%
2015	40	37	3	93%
Samtals	623¹	578	46	93%

4.2 Skráning menningarminja

Alls eru 855 minjastaðir á skrá yfir friðlýstar fornleifar, en undanfarin ár hefur verið unnið að endurskoðun friðlýsingarskrárinnar. Liður í endurskoðun skrárinnar er m.a. vettvangsskráning fornleifa og er sú vinna langt á veg komin. Lítið tóm gafst þó til vettvangsskráningar á árinu og hefur heildartala skráðra minjastaða því ekki breyst frá árinu 2018, alls 759 minjastaðir.

Talsverð gróska var í fornleifaskráningu og bárust Minjastofnun 93 fornleifaskráningarskýrslur útgefnar á árinu, ásamt tilheyrandi gögnum.

Áfram var unnið að þróun Minjavefsjár Minjastofnunar sem undir lok árs innihélt upplýsingar um 10.778 fornleifar. Á seinni hluta árs var ætlunin að upplýsingum um aldursfriðuð hús og fornleifarannsóknir, þ.e. staðsetningu og helstu grunnupplýsingum, yrði bætt við vefsjána. Þeirri aðgerð var frestað vegna óviðráðanlegra orsaka til vors 2020.

Einnig var unnið að því að tengja gögn á vefsjónni við Landupplýsingagátt Landmælinga Íslands og er áætlað að þeirri vinnu muni ljúka á vordögum 2020. Verður þessi aðgerð að teljast nokkur bragarbót þar sem hún mun gefa notendum færi á að skoða fornleifaskráningargögn í samhengi við fjöldann allan af landupplýsingagögnum af öðru tagi, sem getur t.d. auðveldað Minjastofnun að skilgreina minjar í hættu vegna náttúruvár.

Í lok árs var tekin í notkun ný útgáfa af skráningarformi því sem Minjastofnun gerir að skilyrði að notað sé við skráningu húsa og mannvirkja svo hún uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til skráningar fyrir hvert skipulagsstig. Skráningarformið hefur fengið nafnið *Huginn*. Skrásetjarar nálgast *Hugin* í sérstöku Dropboxi, sem stofnunin veitir aðgang að. Sækja skal um aðgang að Dropboxinu með tölvupósti á netfangið husaskraning@minjastofnun.is. Um eitt hundrað skrásetjurum hefur verið veitt heimild til að nota *Hugin*.

4.3 Miðlun

Starfsmenn Minjastofnunar skrifuðu sem fyrr [greinar](#) í innlend og erlend tímarit og bækur, [héldu fyrirlestra](#) og kenndu á ýmsum námskeiðum. Lista yfir fyrirlestra, greinar og slíkt má finna undir *Gagnasafn* á [heimasíðu Minjastofnunar](#).

4.3.1 Útgáfa

Minjastofnun gaf út sjö rafræn [fréttabréf](#) á árinu. Áskrifendur að fréttabréfinu eru rúmlega 400 talsins, einstaklingar sem og stofnanir/fyrirtæki.

¹ Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er gefinn upp fjöldi útgefna leyfa, alls 638. Nú er hins vegar ljóst að 15 rannsóknir fóru ekki fram og því er heildartala rannsókna 623 fyrir þetta tímabil.

Gefnar voru út leiðbeiningar um skýrslugerð vegna leyfisskyldra fornleifarannsókna, eru þær ætlaðar fornleifafræðingum sem stunda leyfisskyldar fornleifarannsóknir hér á landi.

Gefnar voru út Reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda, nr. 620/2019, sem byggja á 15. og 16. grein laga um menningarminjar. Í reglunum eru skilgreindar kröfur sem Minjastofnun gerir um skráningu fornleifa, húsa og mannvirkja og skil á skráningargögnum. Minjaverðir Reykjavíkur og Reykjaness kynntu reglurnar á fundi Samtaka tæknimanna sveitarfélaga sem haldinn var í Garðabæ í nóvember 2019.

Samhliða því að tekin var í notkun ný útgáfa af skráningarforminu *Hugin*, til að skrá hús og mannvirki var gefið út leiðbeiningaritið Húsaskráning – Huginn – Húsakönnun.

Gefnar voru út orðskýringar sem tengjast íslenskri byggingartækni, með skýringarmyndum sem Þorsteinn Gunnarsson, arkitekt, hefur dregið upp. Orðskýringarnar eru hluti af 31. bindi, þ.e. lokabindi, ritraðarinnar *Kirkjur Íslands*, sem kom út árið 2018.

Minjastofnun gaf út í samvinnu við Mannvirkjastofnun leiðbeiningar um brunavarnir í friðlýstum kirkjum: 6.079 Leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar og Minjastofnunar um brunavarnir í friðlýstum kirkjum.

4.3.2 Samfélagsmiðlar

Minjastofnun heldur úti síðum á tveimur samfélagsmiðlum: Facebook og Instagram. Miðlarnir eru nýttir bæði til þess að koma upplýsingum um starfsemi stofnunarinnar hratt og örugglega til almennings í nútíma, starfrænu samfélagi, en einnig til að miðla öðru áhugaverðu efni, bæði innlendu og erlendu.

4.3.3 Námskeið

Starfsfólk Minjastofnunar, Sólrún Inga Traustadóttir, Oddgeir Isaksen og Þór Hjaltalín, kenndu á landvarðanámskeiði þann 2. febrúar. Námskeiðið var haldið á vegum Umhverfisstofnunar. Fjallað var almennt um menningarminjar, fornleifaskráningu, minjar í hættu, tegundir og eiginleika fornleifa, lausafundi og hlutverk Minjastofnunar. Verðandi landverðir voru hvattir til að vera í góðu sambandi við minjaverði á þeim svæðum sem viðkomandi yrðu staðsettir auk þess sem rætt var um hvernig landverðir geta haft auga með ástandi minja á sínum svæðum og frætt ferðamenn um minjarnar.

Um miðjan nóvember stóð Minjastofnun í samvinnu við Endurmenntun HÍ fyrir tveggja daga námskeiði um skráningu húsa og mannvirkja og gerð húsakannana. Kennarar á námskeiðinu voru starfsmenn Minjastofnunar: Guðný Gerður Gunnarsdóttir, Guðlaug Vilbogaðóttir og María Gísladóttir. Á námskeiðinu kynntust nemendur aðferðum við skráningu húsa og mannvirkja og þeirri hugmyndafræði sem liggur að baki mati á varðveislugildi þeirra. Námskeiðið sóttu 18 áhugasamir nemendur, m.a. arkitektar, fornleifafræðingar og sagnfræðingar. Stytttri útgáfa af námskeiðinu var haldin fyrir starfsfólk Minjastofnunar með jafningjafræðslu að leiðarljósi þann 28. október.

4.3.4 Ráðstefnur og fundir

Ársfundur Minjastofnunar var haldinn á Hótel Sögu í Reykjavík fimmtudaginn 28. nóvember. Meginefni fundarins var menningarminjar í hættu. Fjórir starfsmenn stofnunarinnar héldu erindi auk þess sem tveir utanaðkomandi sérfræðingar héldu tölur. Halldór Björnsson, hópstjóri hjá Veðurstofu Íslands, fjallaði um loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi og Þóra Ellen Þórhallsdóttir, prófessor í líffræði við Háskóla Íslands, fjallaði um skógrækt og áhrif hennar á landslag og líffræðilega fjölbreytni. Að erindum loknum voru góðar pallborðsumræður og má með sanni segja að fundargestir hafi verið margs vísari um þær hættur sem steðja að menningarminjum á Íslandi nú á dögum að fundi loknum.

Veitt var minjaverndarviðurkenning sem að þessu sinni féll í hlut Hjörleifs Guttormssonar, náttúrufræðings. Viðurkenningin er veitt árlega aðila sem þykir hafa skarað fram úr á einhvern hátt á sviði minjaverndar. Hjörleifur hlaut viðurkenninguna fyrir ötult starf í þágu minjaverndar um áratuga skeið. [Rökstuðning fyrir veitingu viðurkenningarinnar að þessu sinni má lesa hér.](#) Þetta var í fjórða sinn sem viðurkenningin er veitt í tengslum við ársfund stofnunarinnar.

Tvö stór málþing voru haldin á árinu þar sem starfsmenn Minjastofnunar héldu erindi. Annars vegar var um að ræða málþing á vegum Íslandsdeildar ICOMOS um verndun menningarminja í þéttbýli sem fram fór 18. september. Héldu þrír starfsmenn stofnunarinnar þar erindi. Hins vegar var um að ræða málþing í minningu Gunnars Bjarnasonar húsasmíðameistara, *Forn vinnubrögð í tré og járn*, sem haldið var þann 25. september. Hélt forstöðumaður Minjastofnunar þar opnunarávarp.

4.4 Innviðaupbygging á ferðamannastöðum

Minjastofnun fékk á árinu 2019 fjármagn úr Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum – Verkefnaáætlun 2019–2021 til að vinna 13 nýja verkþætti á fimm stöðum á árunum 2019–2021. Að auki voru gerðar smávægilegar breytingar á fjórum öðrum verkefnum, eitt fékk aukið fjármagn, framkvæmd tveggja var frestað um eitt ár og eitt verkefni var fellt út af áætlun.

Á árinu lauk framkvæmdum við Snorralaug í Reykholti, þar sem aðkomusvæði laugarinnar var stækkað og það bætt, ekki síst með það fyrir augum að verja gróður í næsta nágrenni laugarinnar. Framkvæmdir við stíg niður að Gömlu-Brekkurétt við Grábrók komust langt á árinu auk þess sem lokið var við greiningarvinnu fyrir lagfæringar og framkvæmdir á Stöng í Þjórsárdal.

5. Verndun og friðlýsingar

5.1 Friðlýsingar

Að tillögu Minjastofnunar Íslands friðlýsti mennta- og menningarmálaráðherra eftirtaldar menningarminjar á árinu 2019:

Víkurgarður í Reykjavík – þann 8. janúar staðfesti mennta- og menningarmálaráðherra tillögu Minjastofnunar að friðlýsingu Víkurgarðs, gamla kirkjugarðsins við Aðalstræti. Friðlýsingin nær til leifa kirkju og kirkjugarðs sem og annarra fornminja innan lóðarmarka Víkurgarðs skv. lóðauppdrætti.

5.2 Tillögur að friðlýsingum

Unnið var að gerð tillögu að friðlýsingu menningarlandslags í Þjórsárdal, svæðis sem er um 140 ferkílómetrar að stærð og á er fjöldi fornbýla. Er áætlað að þessari vinnu muni ljúka á vormánuðum 2020.

Unnið var að gerð tillögu að friðlýsingu hluta húsnæðis Háskólans á Bifröst: Ytra borðs samkomuhúss frá 1950, ytra borðs gistiálmu frá 1955, veggfastra innréttinga í samkomusal og setustofu samkomuhúss og veggmyndar í tengigangi milli samkomuhúss og gistiálmu eftir Hörð Ágústsson listmálara.

Tillaga að friðlýsingu Flugskýlis 1 á Reykjavíkurlugvelli var send mennta- og menningarmálaráðherra í apríl. Tillagan var ekki afgreidd á árinu.

Tillaga að friðlýsingu Laxabakka við Sog, sumarhúss Ósvalds Knudsen, var send mennta- og menningarmálaráðherra í ágúst. Tillagan var ekki afgreidd á árinu.

5.3 Verndarsvæði í byggð

Minjastofnun veitti mennta- og menningarmálaráðherra umsagnir um sjö tillögur að verndarsvæði í byggð árið 2019. Ráðherra staðfesti tillögu Reykhólahrepps að verndarsvæði í byggð í Flatey á Breiðafirði þann 17. ágúst á athöfn sem fór fram í Flatey.

Sex tillögur biðu í árslok staðfestingar ráðherra: Þórkötlustaðahverfi í Grindavík, Framdalurinn í Skorradal, Hofsós og Sauðárkrókur í Skagafirði, vesturhluti þorpsins í Vík í Mýrdal og Krókskotstún–Landakotstún í Sandgerði. Veittir voru styrkir úr húsafriðunarsjóði til undirbúnings tveggja tillagna að verndarsvæði í byggð, Egilsstaðir – elsta hverfið og Selvogur í Ölfusi, sjá kafla [9.2 - Húsafriðunarsjóður](#).

5.4 Verndaráætlanir


Engar nýjar verndaráætlanir voru gefnar út á árinu en unnið var að gerð verndaráætlana fyrir Skrúð í Dýrafirði og Surtshelli í Borgarfirði auk þess sem hafinn var undirbúningur við endurskoðun verndaráætlunar Skálholts.



Athöfn í Flatey.
Undirritun staðfestingar
á verndarsvæði í byggð í
Flatey. Frá vinstri:
Tryggvi Harðarson,
sveitarstjóri
Reykholahrepps, Guðný
Gerður Gunnarsdóttir,
sviðsstjóri hjá
Minjastofnun Íslands,
Lilja D. Alfreðsdóttir,
mennta- og
menningarmála-
ráðherra.

6. Inn- og útflutningur menningarminja

Óvenju fáar umsóknir bárust um leyfi til útflutnings menningarverðmæta árið 2019 eða átta talsins. Tvö leyfi voru veitt til tímabundins útflutnings gripa og sýna úr fornleifauppgröftum til rannsókna erlendis. Eitt leyfi var veitt til tímabundins útflutnings til sýningar erlendis. Fimm leyfi voru veitt til endanlegs útflutnings menningarverðmæta, þar af fjögur leyfi til útflutnings sýna til eyðandi greiningar og eitt til útflutnings menningarverðmæta í söluskyni. Hvert leyfi getur átt við fleiri en einn grip/sýni. Nánari upplýsingar um skilyrði leyfa og umsóknareyðublöð má finna á [heimasíðu Minjastofnunar Íslands](#).



Auk þess að fjalla um útflutning menningarverðmæta skv. 44.–50. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 annast Minjastofnun Íslands framkvæmd laga um skil menningarverðmæta til annarra landa nr. 57/2011. Tilgangur þeirra er að tryggja skil á menningarverðmætum hafi þau verið flutt til Íslands með ólögmætum hætti. Minjastofnun Íslands tekur við kröfum um skil menningarminja frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í öðrum ríkjum og skal hafa náðið samstarf og samráð við þau stjórnvöld svo og við fjölþjóðlegar stofnanir er láta sig málið varða. Þá skal stofnunin leitast við að upplýsa um vörslustaði menningarminja sem fluttar hafa verið til landsins án leyfis, sé kunnugt um þá. Skulu lögregluyfirvöld aðstoða við þá leit ef þörf er á. Tollyfirvöld eiga einnig tafarlaust að tilkynna Minjastofnun Íslands um menningarminjar sem reynt hefur verið að flytja ólöglega til landsins.

7. Samstarfsverkefni

Minjastofnun Íslands tekur þátt í fjölda innlendra og erlendra samstarfsverkefna með öðrum stofnunum, sveitarfélögum, félagasamtökum og einstaklingum. Hér á eftir eru upplýsingar um nokkur þeirra.

7.1 Innlent samstarf

Húsverndarstofa er samvinnuverkefni [Minjastofnunar Íslands](#), [Borgarsögusafns](#) og [Íðunnar fræðsluseturs](#). Veitt er ókeypis ráðgjöf vegna eldri húsa og sitja arkitektar á vegum Minjastofnunar og Borgarsögusafns þar fyrir svörum. María Gísladóttir, verkefnastjóri, sinnir Húsverndarstofu á Árbæjarsafni fyrir hönd Minjastofnunar.

Minjastofnun Íslands á fasta fulltrúa í kirkjugarðaráði, ráðgjafarnefnd Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og Breiðafjarðarnefnd.

- Forstöðumaður er fulltrúi stofnunarinnar í kirkjugarðaráði.
- Ásta Hermannsdóttir, verkefnastjóri, var skipuð í ráðgjafarnefnd Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls í upphafi árs, þar er minjavörður Vesturlands, Magnús A. Sigurðsson, varamaður líkt og áður.
- Minjavörður Vesturlands er fulltrúi stofnunarinnar í Breiðafjarðarnefnd og er Agnes Stefánsdóttir, sviðsstjóri, varamaður.

Aðrir samstarfshópar/nefndir:

- María Gísladóttir, verkefnastjóri, situr í Samstarfshópi um eflingu fagþekkingar, hönnunar og samræmingar við uppbyggingu innviða á ferðamannastöðum. Uggi Ævarsson, minjavörður Suðurlands, er varamaður.
- Sædís Gunnarsdóttir, minjavörður Norðurlands eystra, María Gísladóttir, verkefnastjóri og Pétur H. Ármannsson, sviðsstjóri, sitja í samstarfshópi um eyðibýlajarðir í eigu ríkisins. Verkefni hópsins snúast um samantekt á stöðu skráningar ásamt mati á varðveislugildi húsa og mannvirkja á jörðunum.

7.2 Alþjóðlegt samstarf

Forstöðumaður Minjastofnunar Íslands situr árlega fundi forstöðumanna minjastofnana Norðurlanda (*Nordic Heritage Heads Forum, NHHF*) – sem áður nefndust fundir þjóðminjavarða Norðurlanda – og fundi forstöðumanna minjastofnana Evrópu (*European Heritage Heads Forum, EHHF*).

NHFF – Ársfundur forstöðumanna minjastofnana á Norðurlöndum var haldinn í Þórshöfn í Færeyjum 20.–23. ágúst. Fundirnir eru haldnir til skiptis í hverju Norðurlandanna og mættu fulltrúar allra nema Grænlands að þessu sinni. Um er að ræða lokaðan vinnufund forstöðumanna sem fara með stjórnsýslu menningarminja. Aðalumræðuefni fundarins var menningarlandslag. Farið var í skoðunarferð um gamla bæinn í Þórshöfn, í eyjuna Koltur og Kirkjubæ.

EHHF – Dagana 22.–24. maí 2019 var haldinn ársfundur/ráðstefna forstöðumanna minjastofnana í Evrópu á Grand Hotel í Stokkhólmi. EHHF er net forstöðumanna sem sinna stjórnsýslu minjamála í sínu heimalandi og mynda fulltrúar 30 Evrópulanda netið. Markmiðið er að skiptast á reynslu og samræma vinnubrögð í minjavörslu í Evrópu innan þess ramma sem lög hvers lands

heimila. Aðalumræðuefni fundarins að þessu sinni var menningarminjar og samfélag.

EAC – Minjastofnun Íslands hefur undanfarin ár átt fulltrúa í stjórn EAC (*European Archaeological Council*) - samtökum evrópskra stjórnsýslustofnana sem bera ábyrgð á fornleifaarfinum. Aðalfundur samtakanna er haldinn einu sinni á ári og í tengslum við það er haldið málþing sem að þessu sinni fór fram í Dyflinni á Írlandi dagana 28. febrúar–1. mars 2019. Yfirskrift þingsins var *Archaeological sites and monuments in the care of the state – sharing our experiences*, og hélt forstöðumaður Minjastofnunar, Kristín Huld Sigurðardóttir erindi sem hún nefndi: *Challenges facing the heritage management in Iceland: Preservation of sites in state care*. Auk Kristínar sóttu þau Agnes Stefánsdóttir og Þór Hjaltalín fundinn, en Þór situr nú í stjórn samtakanna og hefur þar tekið að sér að leiða vinnuhóp sem ber heitið *Articulating Significance of Archaeological Sites*. Er þar um að ræða samstarf 11 landa þar sem leitast er við að draga fram sjónarmið og þróa aðferðir við mat á gildi minja og vonast er til að geti orðið nýtsamt verkfæri minjavörslunnar í framtíðinni. Auk aðalfundar eru haldnir tveir stjórnarfundir á ári og sótti Þór fund í Brussel dagana 6. –9. júní og hélt svo vel sóttan stjórnarfund í Reykjavík dagana 17. –19. október. Eftir fundinn var farið með hópinn um Suðurland í fallegu haustveðri og komið við á Gljúfrasteini, Þingvöllum og í Þjórsárdal.



Forstöðumaður
Minjastofnunar
flytur erindi á
aðalfundi EAC í
Dyflinni.

EHLF – Guðný Gerður Gunnarsdóttir sótti fund *European Heritage Legal Forum* sem er vinnuhópur *European Heritage Heads Forum* (EHHF) og hefur þann tilgang að fylgjast með tilskipunum og lagasetningum Evrópusambandsins og fjalla um þær sem mögulega gætu haft áhrif á menningarminjar í álfunni og lagasetningu landa í Evrópu. Meginumfjöllunarefni fundarins að þessu sinni voru tvær tilskipanir: EU Biocide Regulations (EU No. 528/2012) um notkun eiturefna og Construction Products Directive 89/206/EEC um endurnýtingu byggingarefna.

EHD – Minjastofnun tók þátt í Menningarminjadögum Evrópu líkt og fyrri ár. Var þema ársins „listir og leikir“ („Arts and Entertainment“). Dagskráin var með smærra sniði en oft áður þar sem nýr tengiliður tók við keflinu innan stofnunarinnar á vormánuðum. Alls voru sjö viðburðir haldnir og sóttu viðburðina samtals rúmlega 600 manns. Stóðu tveir viðburðir þar upp úr hvað

varðar fjölda gesta, Járngerðarhátíð í Dölum og opið hús á Tyrfingsstöðum í Skagafirði. Tengiliður Minjastofnunar, Ásta Hermannsdóttir, verkefnastjóri, sótti í október árlegan fund Menningarminjadaganna þar sem árið 2019 var gert upp og lagðar línur fyrir næstu ár, en yfirheiti Menningarminjadaganna 2020 verður „Heritage and Education“.

NBM – Minjastofnun Íslands á fulltrúa í vinnuhópi um líffræðilegan fjölbreytileika (NBM), en verkefni hópsins er að leitast við að vernda eða draga úr tapi á lífbreytileika ásamt því að stuðla að sjálfbærri nýtingu og vinna gegn skerðingu náttúru og menningarlandslags. Hópurinn var settur á laggirnar á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar til að hrinda í framkvæmd *Samstarfsáætlun Norðurlandanna í umhverfis- og loftslagsmálum 2019–2024*, sem jafnframt er starfstími vinnuhópsins. Dagana 9.–12. september fundaði vinnuhópurinn í Færeyjum og sótti Þór Hjaltalín fundinn fyrir hönd Minjastofnunar. Annar fundur vinnuhópsins var haldinn dagana 12.–13. desember og sótti Agnes Stefánsdóttir þann fund fyrir hönd Minjastofnunar.

CINE – Tenging náttúru- og menningarminja í umhverfi norðurslóða – *Connected Culture and Natural Heritage in the Northern Environment*. Verkefnið hófst árið 2017 og er Minjastofnun aukaaðili að því. Verkefnið er styrkt af Interreg NPA og eru þátttakendur í því frá fjórum löndum. Annar tengiliða Minjastofnunar í verkefninu, Þuríður Elísa Harðardóttir, minjavörður Austurlands, kom ásamt starfsmönnum Gunnarsstofnunar á Skriðuklaustri, að vinnustofu sem haldin var í Suðursveit í mars. Þar var kynnt nýtt smáforrit sem er í vinnslu í tengslum við CINE-verkefnið og á að gera almenningi kleift að nálgast og kortleggja fornleifar á ferðum sínum um landið. Að kynningu lokinni var haldið á Þórbergssætur þar sem fram fór málþing í tengslum við verkefnið.

ANH – Aðlögun menningarminja á norðurslóðum að loftslagsbreytingum – *Adapt Northern Heritage*. Verkefnið, sem hófst árið 2017, er styrkt af Interreg NPA og eru stjórnendur verkefnisins auk Minjastofnunar: Historic Environment Scotland, Riksantikvaren í Noregi og NIKU í Noregi. Auk þess taka þátt í verkefninu fjöldi stofnana og félagasamtaka landanna við Norður-Atlantshaf. Markmið verkefnisins er að styðja samfélög og yfirvöld þessara landa í að bregðast við loftslagsbreytingum með gerð áhættumats og verndaráætlana fyrir menningarminjar. Fulltrúi Minjastofnunar, Guðmundur St. Sigurðarson, minjavörður Norðurlands vestra, sótti í tengslum við verkefnið fund í Jokkmokk í Norður-Svíþjóð í febrúar og í október fóru þrír fulltrúar stofnunarinnar til fundar í Þrándheimi og Røros í Noregi. Auk þess vinnur Guðmundur að gerð leiðbeininga vegna áhættumats og viðbragðsáætlana ásamt öðrum stjórnendum verkefnisins. Verkefninu lýkur um mitt ár 2020 og verður lokaráðstefna haldin í Edinborg í maí sama ár. Í framhaldinu verða leiðbeiningarit og eyðublöð gerð aðgengileg almenningi á netinu.



*Skoðunarferð ANH
í Røros í Noregi*

8. Minjasvæði

8.1 Reykjavík og nágrenni



*Minningarreitur um
Hóstið á Hóstið
í Laugarnesi. Í
bakgrunni má sjá
friðlýstan bæjarhól
Laugarness.*

Verkefni ársins voru sem fyrr fjölbreytt og þau helstu snerta ráðgjöf og umsagnir um breytingar á húsum og mannvirkjum sem falla undir ákvæði laga um menningarminjar; friðlýst, aldursfriðuð og umsagnarskyld hús og mannvirki.

Minjastofnun veitir umsagnir um skipulagstillögur og voru all margar deiliskipulagstillögur til umfjöllunar á árinu og einnig fornleifaskráning og húsakannanir sem eru unnar vegna gerðar aðalskipulags, deiliskipulags og framkvæmda. Meðal umsagna um deiliskipulagstillögur í Reykjavík má nefna Sjómannaskólareit á Rauðarárholti, Gufunes og reit á lóðum við Vatnsstíg og Laugaveg 33–35.

Vinna við skipulag fyrir iðnaðarsvæði á Álfsnesi á Kjalarnesi hélt áfram og á síðari hluta árs veitti Minjastofnun umsögn um frummatsskýrslu vegna umhverfismats, breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030 og deiliskipulag fyrir athafnasvæði Björgunar. Minjastofnun hefur ítrekað lagst gegn þeim áformum og bent á að á Álfsnesi og við Þerneyjarsund er að finna merkar menningarminjar; búsetu- og menningarlandslag, minjar um kauphöfn frá miðöldum og búsetu á svæðinu fram á 20. öld.

Fornleifarannsóknir á minjasvæðinu voru sem fyrr að meginhluta framkvæmda-rannsóknir og flestar í Reykjavík. Þar má nefnda endurnýjun Óðinsgötu og Hverfisgötu og könnunarrannsókn á lóð Frímúrara við Bríetartún 3–5, þar sem er bæjarstæði Rauðarár. Fornleifauppgröftur hófst á lóð Stjórnarráðsins við Lækjargötu þar sem fyrirhugað er að reisa viðbyggingu við Stjórnarráðshúsið. Af vísindarannsóknum má nefna fornleifarannsókn sem Borgarsögusafn stendur fyrir um fornar rætur Árbæjar og rannsókn Háskóla Íslands í Móakoti á Seltjarnarnesi.

Gengið var frá tveimur minjastöðum í Reykjavík að undangenginni fornleifarannsókn þar sem minjar eru gerðar sýnilegar og fræðslu um þær miðlað á upplýsingaskiltum. Í Laugarnesi var vígður minningarreitur um Holdsveikraspítalann sem Oddfellowreglan lét gera í tilefni þess að 200 ár voru liðin frá stofnun reglunnar. Afhenti hún Reykjavíkurborg minningarreitinn að gjöf. Minningarreiturinn er umhverfis undirstöður austurálmú spítalans sem grafnar voru fram 2018. Gengið var frá umhverfi Steinbryggjunnar sem grafin var fram í tengslum við gatnaframkvæmdir í Pósthússtræti og Tryggvagötu. Landmótun vann hönnun umgjörðar bryggjunnar. Steinbryggjan og ný umgjörð hennar voru vígð í september og þar er nú aðlaðandi afdrep fyrir almenning í miðborginni.

Dómur í máli eiganda Holtsgötu 5 í Reykjavík gegn ríkinu var kveðinn upp í héraðsdómi 18. mars 2019 og var fallist á aðalkröfu stefnanda og viðurkennt að íslenska ríkið bæri skaðabótaábyrgð á skaða sem lög nr. 80/2012 hefðu valdið stefnanda með því að meina honum að nýta heimildir deiliskipulags sem var í gildi þegar lögin tóku gildi. Tekin var ákvörðun um að áfrýja dómnum til Landsréttar.

Ekki náðist að ganga frá skipun nýs minjaráðs á árinu og því var enginn minjaráðsfundur haldinn.

8.2 Reykjanes



Frá leiðsögn
minjavarðar um
Húshólma í
Ögmundarhrauni.

Flest afgreiðslumál ársins voru býsna hefðbundin umsagnarmál um skipulag og framkvæmdir, en þó má nefna hér mál sem hafa nokkra sérstöðu. Málefni Pattersonflugvallar á Reykjanesi hafa verið á borði minjavarðar um skeið. Auk sjálfs flugvallarins, sem byggður var af Bandaríkjamönnum á árum síðari heimsstyrjaldar, er að finna þar merkar minjar og uppistandandi mannvirki um hersetuna frá dögum kalda stríðsins, en svæðið var notað af hernum allt fram að brotthvarfi hans af landinu árið 2006. Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar (Kadeco) hefur haft svæðið til umráða frá því að herinn hvarf á brott og haft í hyggju að hefja hreinsun á svæðinu og m.a. fjarlægja skotfærageymslurnar sem þar standa meðfram flugbrautunum. Ljóst er að flugvöllurinn sjálfur og herminjarnar þar í kring falla ekki undir friðunarákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. Hins vegar telur Minjastofnun að minjarnar hafi

mikið varðveislugildi. Stofnunin hefur fundað með fulltrúum Kadeco þar sem farið hefur verið yfir helstu sjónarmið í málinu og eru menn sammála um nauðsyn þess að skrá og meta hús og aðrar minjar í Ásbrú og á Pattersonvelli. Á árinu 2019 var svo ráðist í gerð húsakönnunar fyrir svæðið með styrk úr húsafriðunarsjóði. Enn á hins vegar eftir að komast að niðurstöðu um hvernig best sé að standa að varðveislu þessara minja í samráði við Reykjanesbæ.

Annað mál sem vert er að nefna og tók nokkurn tíma og athygli minjavarðar á árinu, voru fráveituframkvæmdir sem fóru um hið forna bæjarstæði Stóru-Voga í Vogum, en þar hófust framkvæmdir án þess að málið kæmi til umsagnar stofnunarinnar. Fékk minjavörður ábendingu um rask á svæðinu og fór hann á vettvang til að kanna aðstæður. Var um að ræða umtalsverðar minjar frá mismunandi tímum enda lá lagnaskurðurinn mjög þétt að hinum forna bæjarhól. Voru framkvæmdir stöðvaðar og fornleifafræðingar fengnir til að gera nauðsynlegar rannsóknir.

Minjavörður hefur leitast við að kynna málefni minjavörslunnar á svæðinu með fyrirlestrum og leiðsögn og má nefna vel sótta gönguferð sem minjavörður fór í fallegu sumarveðri í Húshólma þann 18. júlí, en hún var hluti af gönguleiðasyrpu Reykjanes Geopark sem haldið hefur verið úti undanfarin ár.

Á árinu var nýjum minjaráðum ýtt úr vör hringinn í kringum landið og tók nýtt minjaráð Reykjaness til starfa þann 9. apríl 2019. Þá var haldinn kynningarfundur í Ásbrú fyrir ráðsmeðlimi um hlutverk og starfsemi minjaráða. Gert er ráð fyrir að fundir minjaráða séu haldnir fjórum sinnum á ári og var næsti fundur í Duushúsi í Keflavík þann 4. júní, þar sem verndarsvæði í byggð og húsverndarmál voru sérstaklega til umræðu. Næsti fundur var í Bungalowinu í Byggðasafni Hafnarfjarðar þann 10. september þar sem fjallað var um stefnumótun á sviði menningarminja sem Minjastofnun hefur leitt vinnu við. Loks var haldinn fundur í gamla Kvennaskólanum í Grindavík þann 3. desember, og var sjónum sérstaklega beint að minjum í nærumhverfi bæjarins, þar sem m.a. menningarstjóri bæjarins kynnti hugmyndir um gönguleiðir í bænum og nýtingu minja. Eru þessi ráð sannarlega mikilvægur bakhjarl fyrir minjavörsluna í viðkomandi héruðum.

8.3 Vesturland



Enn var unnið að lagfæringum á umhverfi Snorralaugar í Reykholti á árinu. Stétt við laugina var stækkuð, skilti fært og stækkað, tyrft ofan á hleðslur, borið á bæjargöng o.fl.

Árið var frekar hefðbundið, en skipulags- og framkvæmdamál halda áfram að aukast, aldrei hefur verið eins mikið um framkvæmda- og skipulagsmál á Vesturlandi. Helsta breytingin er að stærri málum hefur fækkað en þeim smærri fjölgað. Skipulagsmálin taka mest af tíma minjavarðar. Eins hefur aukist til muna að leggja lagnir í jörð, en tímafrekt hefur verið að hafa eftirlit með því. Meira eftirlit hefur þurft að hafa með strandminjum vegna aukinnar veðurhörku og niðurbrots. Strandminjar á Snæfellsnesi hafa orðið illa úti.

Því miður var ekki mikið um uppgrefti á Vesturlandi. Einu uppgreftir ársins voru áframhald rannsóknar Howells M. Roberts á landnámsminjum í Ólafsdal, og framkvæmdarannsókn vegna framkvæmda við fjósið í Ólafsdal. Minjavörður heimsótti báða þessa uppgrefti. Minjavörður fór einnig í vettvangsferð út í Arney á Breiðafirði vegna fyrirhugaðra endurbóta á gamla bænum þar.

Afgreidd voru símtöl og fólki á svæðinu veittar upplýsingar varðandi menningarminjar. Einnig var farið á vettvang með heimafólki til að skoða menningarminjar, gefa álit og ráðgjöf.

Minjavörður fór á tvær ráðstefnur á árinu. Annars vegar Sturluhátíð sem haldin var í Saurbæ í maí. Hins vegar haust ráðstefnu Fjarkönnunarfélags Íslands sem haldin var í Háskóla Íslands í nóvember.

Haldnir voru þrír fundir hjá minjaráði Vesturlands. Fyrsti fundurinn var haldinn 26. mars í Stykkishólmi þar sem minjaráðsfulltrúar voru boðnir velkomnir og hlutverk minjaráða kynnt. Annar fundur var haldinn í Borgarnesi 11. september þar sem minjavörður kynnti stefnumótunarvinnu sem Minjastofnun leiðir um stefnu í verndun menningarminja og tók niður hugmyndir minjaráðs. Þriðji fundurinn var haldinn í Borgarnesi þann 12. desember, þar sem minjavörður kynnti reglur um skráningu minja og skil gagna, fór yfir stöðu stefnumótunarvinnu, og kynnti verkefni sem eru á Landsáætlun um uppbyggingu innviða. Að lokum var farið yfir þau verndarsvæði í byggð sem búið er að samþykkja og ræddar hugmyndir um möguleg verndarsvæði á Vesturlandi.

8.4 Vestfirðir



*Ranakofi í Svefneyjum
á Breiðafirði.*

Ekki er starfandi minjavörður á Vestfjörðum en Inga Sóley Kristjónudóttir, verkefnastjóri hjá Minjastofnun, hefur sinnt svæðinu eftir þörfum. Starfsfólk Minjastofnunar var töluvert á ferðinni á Vestfjörðum sumarið 2019. Farin var vettvangsferð til að skoða fyrirhugaðar framkvæmdir vegna viðhalds og endurbóta á Ófeigsfjarðarvegi. Sú framkvæmd fékk mikla umfjöllun í fjölmiðlum en þar þurfti að stöðva framkvæmdir á meðan minjar voru kannaðar. Farið var í tvær vettvangsferðir út í Svefneyjar á Breiðafirði til að hafa eftirlit með jarðvegsvinnu vegna fyrirhugaðs flutnings Ranakofa, sem samkvæmt heimamönnum er elsta bygging landsins. Þá var farið í vettvangsferð að Sandvík á Ströndum til að skoða jarðvegseyðingu sem orðið hafði á strandminjum vegna sjávarrofs um veturinn. Ljóst er að gera þarf átak í skráningu strandminja svo hægt sé að meta ástand þeirra en vetrarstormar hafa víða leikið þær grátt á svæðinu á undanförunum árum.

Nokkrir starfsmenn Minjastofnunar fóru í sérstaka ferð á Hornstrandir að mæla upp friðlýstar minjar. Í ferðinni átti einnig að skoða fleiri minjastaði, s.s. herminjar, en vegna óviðráðanlegra aðstæðna var ekki hægt að láta verða af því.

Unnið var víða að viðhaldi og endurbygginga friðaðra húsa og má þar sérstaklega nefna gamla bæinn á Sveinseyri í Tálknafirði en hann hefur tekið miklum stakkaskiptum frá því að vinna við hann hófst fyrir nokkrum árum. Þá var unnið að viðhaldi og endurgerð tveggja mjög ólíkra húsa á Ísafirði, annars vegar Sundstræti 33, einnig þekkt sem Albertshús, og hins vegar Smiðjugata 5 þar sem tónlistarskóli Ísfirðinga var lengi starfræktur.

Helstu fornleifauppgreftir voru rannsóknir Margrétar Hallmundsdóttur á Kjaransstaðakoti vegna Dýrafjarðarganga og framkvæmdarannsókn við Gileyri hjá Tálknafirði. Vísindarannsóknir voru heldur fáar en meðal þeirra var uppgröftur á Auðkúlu í Arnarfirði og könnunarskurðir á Bjarnarnesi á Ströndum. Skipað var í nýtt minjaráð Vestfjarða en ekki náðist að halda neina fundi árið 2019.

8.5 Norðurland vestra



Hér má líta mógrafir sem alla jafna liggja undir Stífluvatni í Fljótum.

Á Norðurlandi vestra var líkt og fyrri ár að ýmsu að huga á sviði minjaverndar. Fyrst og fremst eru það skipulagsmál og framkvæmdatengd verkefni sem rata inn á borð minjavarðar en einnig erindi frá áhugasömu fólki sem ýmist var að láta vita af minjum í hættu eða vildi leita leiða til að gera gömlum húsum eða minjum í nærumhverfi sínu herra undir höfði. Það er ómetanlegt í minjavörslunni að finna fyrir áhuga fólks og umhyggju fyrir sögu sinni og menningararfi og mikill stuðningur við störf minjavarðar.

Á árinu 2019 voru aðeins gefin út leyfi fyrir þrjár fornleifarannsóknir á minjasvæðinu sem er mikil fækkun frá fyrra ári þegar þær voru níu. Af þessum þremur rannsóknum fóru hins vegar aðeins tvær fram, annars vegar borkjarnarannsókn í Fljótum í Skagafirði á vegum Byggðasafns Skagfirðinga í tengslum við ritun Byggðasögu Skagafjarðar og hins vegar framkvæmdarannsókn vegna stækkunar á urðunarsvæði Stekkjarvíkur á Sölvabakka í Refasveit, unnin af Fornleifafræðistofnunni. Þriðja rannsóknin sem fékk leyfi en komst þó ekki til framkvæmdar er hluti af verkefninu *Dysjar hinna dæmdu* á vegum dr. Steinunnar Kristjánsdóttur hjá Háskóla Íslands, en til stóð að gera fornleifakönnun á Bökkum Hofsár í landi Hofs á Höfðaströnd. Auk þessara rannsókna fór fram fornleifaskráning í tengslum við lagningu rafmagns og ljósleiðara á nokkrum stöðum í Austur- og Vestur-Húnavatnssýslum og Skagafirði.

Minjavörður fór eins og fyrri ár í fjölda vettvangsferða í tengslum við framkvæmdir og skipulagsmál en einnig á nokkra staði til að gera mælingar á landbroti af völdum sjávar. Upplýsingar um vettvangsferðir vegna strandvöktunar og niðurstöður mælinga er hægt að nálgast á [Facebook-síðu Strandminjaverkefnisins](#).

Þá var landvörður á vegum Umhverfisstofnunar með vöktun á Norðurlandi vestra í samstarfi við minjavörð í sumar og heimsótti fjölda minjastaða, hvort tveggja minjar í hættu vegna landbrots sem og minjastaði á ferðamannastöðum. Þessi

vöktun sýndi vel þörfina á reglubundnu eftirliti og viðveru á ferðamannastöðum ekki síst, en umgengni ferðafólks er ærið misjöfn og full þörf á að tína rusl og hafa eftirlit með mannvirkjum auk þess að veita upplýsingar til ferðamanna.

Nýir fulltrúar voru skipaðir í minjaráð Norðurlands vestra til næstu fjögurra ára í kjölfar þess að starfstíma síðasta ráðs lauk um áramótin. Tveir fundir voru haldnir á árinu, annar á Hvammstanga þar sem hlutverk minjaráðs var kynnt fyrir nýjum fulltrúum, hinn á Sauðárkróki þar sem meginefni fundarins var að ræða tillögur að tilnefningu til minjaverndarviðurkenningar Minjastofnunar og fá ábendingar og athugasemdir minjaráðsfulltrúa við stefnumótun í málaflokki menningararfs. Fundargerðir minjaráðs eru aðgengilegar á heimasíðu Minjastofnunar ásamt upplýsingum um fulltrúa.

8.6 Norðurland eystra



Norðurgata 3, Akureyri. Húsið, sem reist var árið 1899, eyðilagðist í eldi í nóvember. Húsið var aldursfríðað en vegna þess hve eyðileggingin var mikil þurfti að rífa stóran hluta þess fljótlega eftir brunann.

Sædís Gunnarsdóttir tók við starfi minjavarðar þann 1. maí 2019 af Rúnari Leifssyni. Hefur þessi breyting litað starfsárið því komu nýs minjavarðar fylgir vinna við að kynna starfinu og mynda sambönd við sveitarfélög og hagsmunaaðila á svæðinu.

Stærstu málín snerust flest um skipulag og framkvæmdir af ýmsu tagi en einnig sinnti minjavörður ýmsum málum sem snúa að viðhaldi og björgun menningarminja, rannsóknnum, og því að veita stofnunum og almenningi leiðbeiningar um hin ýmsu mál á málavíði Minjastofnunar. Því miður var jafnframt eitthvað um skemmdir á menningarminjum, helst að vinnuvélar hafi rofið garða án leyfis.

Lítið var um fornleifauppgrefti á Norðurlandi eystra á árinu, en flestir þeirra fóru fram í kjölfar tilmæla frá Minjastofnun vegna framkvæmda á svæðinu. Eitthvað var um fornleifaskráningarverkefni vegna skipulagsmála og línulagna en stóru skráningarverkefni í Fjörðum var einnig lokið á árinu.

Unnið var að málefnum Hofstaða í Mývatnssveit á árinu. Jörðin er nú í eigu ríkisins, en á henni er að finna fjölmargar merkar fornminjar. Minjastofnun leigir húsakost jarðarinnar af Ríkiseignum og hefur umsjón með starfsemi á staðnum. Minjastofnun hefur unnið að því á árinu að móta framtíðarsýn fyrir Hofstaði.

Nýtt minjaráð Norðurlands eystra tók til starfa á vordögum og fundaði alls fjórum sinnum árið 2019, á Borgum í húsnæði minjavarðar, á Flugsafni Íslands sem og á Laugum í Reykjadal. Fyrstu fundir ráðsins á árinu fóru í kynningu á starfssviði Minjastofnunar og starfi minjavarðar. Einnig kom minjaráðið að vinnu við stefnumótun í minjavörslu.

8.7 Austurland



*Samgönguminjar í
Jökuldal með uppgerð
torfhús í bakgrunni.*

Verkefni ársins 2019 voru af svipuðum meiði og fyrri ár. Minjavörður þurft að sinna fjölbreyttum verkefnum og til þess hefur hann ekki aðeins þurft að notast við bíl af stærri gerð heldur einnig svokallaðan buggybíl og bát til að komast leiðar sinnar þar sem ekki eru allir staðir jafn aðgengilegir. Starfsfólki Minjastofnunar á Austurlandi fjölgaði um einn fyrri hluta árs eftir að styrkur fékkst til að hefja gerð gagnagrunns og innsláttar á minningarmörkum en sú vinna var unnin á Djúpavogi þar sem minjavörður Austurlands er með aðsetur.

Mikil aukning var í strenglagningu um fjórðunginn en slík mál hafa tekið mikið af tíma minjavarðar enda eru slíkar línur gjarnan langar og fara oft í gegnum svæði sem eru rík af minjum. Í marsmánuði stóðu Minjastofnun og Gunnarsstofnun fyrir vinnustofu á vettvangi í Suðursveit í tengslum við CINE-verkefni sem Minjastofnun er aukaðili að. Tilgangur hennar var að kenna áhugasömu fólki að lesa í landið og prófa nýtt smáforrit sem Minjastofnun er með

í vinnslu. Gaman var að hitta fólk úr sveitunum þar í kring og finna áhugann á málaflöknum en í lok vinnustofunnar var haldið málþing í Þórbergssetri. Unnið var að gerð fræðsluskiltis við Djáknadys í Hamarsfirði en Minjastofnun fékk styrk af Landsáætlun um uppbyggingu innviða til að koma þar upp fræðsluskilti og gera léttu afmörkun í kringum dysina. Þeirri framkvæmd mun ljúka á næsta ári og mun vonandi verða til þess að fræða almenning frekar um minjarnar og stöðva óæskilega hegðun í kringum dysina en um er að ræða friðlýstan stað alveg við hringveginn.

Aukning var á árinu í framkvæmdarannsóknum en þær voru unnar í tengslum við framkvæmdir eins og lagningu hitaveitu, ljósleiðara og ofanflóðavarna. Tvær vísindarannsóknir fóru fram hér eystra. Rannsóknin á Stöð í Stöðvarfirði hélt áfram en einnig fór fram rannsókn á Skálanesi í Seyðisfirði í tengslum við doktorsverkefni í fornleifafræði. Nokkrar jarðsjármælingar voru gerðar innan minjasvæðisins en niðurstöður slíkra rannsókna geta gefið spennandi upplýsingar um hvað leynist undir sverði án þess að svæðinu sé raskað. Töluvert hefur einnig verið unnið í skráningu á svæðinu í tengslum við skipulagsgerð en að auki fór skráning fram í Fjarðabyggð fyrir tilstuðlan áhugamanns um fornleifar og fögnum við slíku framtaki.

Nýtt minjaráð tók til starfa á árinu og var fundað fjórum sinnum yfir árið; í mars, júní, september og desember. Fundað var þrisvar á Egilsstöðum og einu sinni á Djúpavogi, en stefnan er á næsta ári að tveir fundir ársins dreifist um minjasvæðið og hinir tveir fari fram í gegnum tölvu. Ráðið er skipað áhugasömum einstaklingum sem koma víða að af minjasvæðinu en slíkt er mikilvægt til að hægt sé að nýta minjaráðið sem best og skapa góða yfirsýn. Mál sem rædd hafa verið á fundinum snúa að stefnumótun, stöðu verkefna og hlutverki minjaráða svo dæmi séu tekin.

8.8 Suðurland



Ferð starfsmanna Minjastofnunar á Mosfellsheiði að skoða gamla Þingvallavegin sem hugmyndir eru uppi um að friðlýsa.

Árið 2019 var stórátakalaust á Suðurlandi. Tíðin var góð og sérstökum náttúruhamförum ekki fyrir að fara. Að venju var heilmikið að gera í skipulagsvinnu, ekki síst við deiliskipulag tengt húsbyggingum. Almennri fornleifaskráningu var fram haldið á þeim landsvæðum þar sem sveitarstjórnir hafa áttað sig á mikilvægi skráningarstarfsins í ljósi skipulagsvinnu, ferðapjónustu og almenns menningarauka. Fornleifarannsóknir hafa því miður nokkuð legið í láginni undanfarin ár á Suðurlandi og mætti betur vera meira um fornleifauppgrefti þar sem af nógu er að taka. Þó voru tíu uppgreftir í allt á Suðurlandi, sex vísindarannsóknir og fjórar rannsóknir vegna framkvæmda. Af vísindarannsóknnum var uppgröfturinn í Arfabót á Mýrdalssandi sá stærsti en Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur stjórnaði honum. Innan vísindarannsókna var m.a. nemendauppgröftur í Skálholti þar sem fyrstaársnemar í fornleifafræði við Háskóla Íslands fá að spreyta sig á uppgrefti og fornleifaskráningu undir handleiðslu fornleifafræðinga í eina viku. Drjúg vinna hefur farið í að semja friðlýsingarskilmála vegna friðlýsingar menningarlandslags Þjórsárdals. Hefur minjavörður ásamt Þór Hjaltalín, sviðsstjóra minjavarðasviðs, borið hitann og þungann af þeirri vinnu. Friðlýsing landflæmis eins og Þjórsárdals er nýnæmi í íslenskri minjavernd. Friðlýsingarskilmálarnir verða sendir ráðherra til samþykkis í upphafi árs 2020.

Ótalin eru smáverk minjavarðar er lúta að ráðgjöf til almennings og framkvæmdaaðila vegna umgengni við minjar, vöktun minja sem eru í hættu af náttúrulegum orsökum, aðkoma að uppbyggingu ferðamannastaða sem einnig eru minjastaðir o.fl.

Nýtt minjaráð tók til starfa á árinu og var fundað fjórum sinnum; tvisvar á skrifstofu minjavarðar í Fjölheimum á Selfossi, einu sinni í Þorlákshöfn og einu sinni í Skógum.

9. Úthlutanir úr sjóðum

Úrvinnsla umsókna í fornminjasjóð og húsafriðunarsjóð fór fram í byrjun árs og var tilkynnt um úthlutanir úr húsafriðunarsjóði 15. mars og úr fornminjasjóði 22. mars.

9.1 Fornminjasjóður

Vegna styrkúthlutunar árið 2019 var auglýst eftir umsóknum 22. nóvember 2018 og rann umsóknarfrestur út 10. janúar 2019. Auglýst var í dagblöðum, á heimasíðu og Facebook-síðu stofnunarinnar. Sótt var um með rafrænum hætti með eyðublaði sóttu af vef Minjastofnunar Íslands. Alls bárust 69 umsóknir um styrki úr fornminjasjóði árið 2019, 23 styrkir voru veittir. Sótt var um samtals 159.949.563 kr. en til úthlutunar að þessu sinni voru 41.980.000 kr.

Allar umsóknir sem berast eru lagðar fyrir fornminjanefnd sem skilar um þær umsögn og gefur þeim einkunn. Ekki var hægt að styrkja fjölda góðra umsókna í ár en alls töldust 81% umsóknanna styrkhæfar, sem er óvenju hátt hlutfall. Því var ljóst að einungis yrði hægt að styrkja þær umsóknir sem fengu hæstu einkunnirnar, en umsóknir eru metnar á skalanum 0–15. Allar umsóknir sem fengu 14 og 15 í einkunn hlutu styrk en velja þurfti úr þeim umsóknum sem fengu 13 í einkunn. Forgangsraðað var eftir fyrir fram útgefnum áherslum sjóðsins í ár og því hvort um framhaldsrannsókn var að ræða. Einnig var litið til skila á skýrslum vegna áður úthlutaðra styrkja úr sjóðnum. Við ákvörðun Minjastofnunar um úthlutun styrkja er tekið tillit til umsagna og mats nefndarinnar.

Tafla 9.1 Úthlutanir úr fornminjasjóði. Fjárhæðir í þús. króna

	Fjöldi umsókna	Fjöldi styrkja	Fornleifa-rannsóknir (uppgröftur/skráning)	Miðlun upplýsinga	Varðveisla og viðhald fornminja	Viðhald annarra menningarminja	SAMTALS STYRKIR
Reykjavík og nágrenni	3	2	2.700	0	0	1.500	4.200
Reykjanes	2	1	1.200	0	0	0	1.200
Vesturland	10	2	5.000	0	0	0	5.000
Vestfirðir	6	0	0	0	0	0	0
Norðurland vestra	6	2	800	0	1.600	0	2.400
Norðurland eystra	12	6	5.530	800	1.530	0	7.860
Austurland	8	1	3.500	0	0	0	3.500
Suðurland	13	5	11.360	0	0	0	11.360
	60	19	30.090	800	3.130	1.500	35.520
Fornleifarannsóknir (á landsvísi)	7	3					5.400
Miðlun upplýsinga (ekki staðbundið)	2	1					1.060
Varðveisla/viðhald (ekki staðbundið)	0	0					0
Rannsóknir á forngrípum	0	0					0
	9	4					
SAMTALS	69	23					41.980



9.2 Húsafriðunarsjóður

Tekjur húsafriðunarsjóðs eru annars vegar framlag ríkissjóðs, sem kveðið er á um í fjárlögum, og hins vegar framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem nemur 150 kr. á hvern íbúa landsins í upphafi árs.

Árið 2019 nam framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 53.557.500 kr. en framlag ríkissjóðs á fjárlögum var 219.500.000 kr. Að teknu tilliti til fluttra fjárheimilda frá fyrra ári, niðurfelldra styrkja á árinu vegna fyrri úthlutana, áætlaðs kostnaðar við starfsemi húsafriðunarnefndar á árinu og varasjóðs sem þarf að vera til staðar svo bregðast megi við umsóknum um styrki í neyðartilvikum sem geta komið upp innan ársins, voru til úthlutunar í styrki árið 2019 301.499.000 kr.

Við úthlutun styrkja árið 2019 var tekið mið af úthlutunarreglum sem staðfestar voru af forsætisráðherra 9. júní 2016 (nr. 577/2016).

Auglýst var eftir umsóknum vegna styrkúthlutunar 2019 þann 15. október 2018 og rann umsóknarfrestur út 1. desember 2018. Auglýst var í dagblöðum og héraðsfréttablöðum um land allt. Auk þess var auglýsingin birt í Stjórnartíðindum og Lögbirtingablaðinu. Sótt var um með rafrænum hætti með eyðublaði sóttu af vef Minjastofnunar Íslands. Alls bárust 267 umsóknir um styrki úr húsafriðunarsjóði, en veittir voru 202 styrkir. Samtals var sótt um tæplega einn milljarð króna. Allar umsóknir sem berast eru lagðar fyrir húsafriðunarnefnd sem skilar um þær umsögn og gefur þeim einkunn, þar sem m.a. er lagt mat á varðveislugildi mannvirkis, gæði umsóknar, mikilvægi verkefnis og framlag umsækjanda. Við ákvörðun Minjastofnunar um úthlutun styrkja er tekið tillit til umsagna og mats nefndarinnar.

Tafla 9.2 Úthlutanir úr húsafriðunarsjóði. Fjárhæðir í þús. króna

	Fjöldi umsókna	Fjöldi styrkja	Friðlýstar kirkjur	Friðlýst hús	Friðuð hús og mannvirki	Önnur hús og mannvirki	SAMTALS STYRKIR
Höfuðborgarsvæðið og Reykjanes	72	53	2.100	28.350	28.700	5.900	65.050
Vesturland	17	10	1.000	1.000	8.100	0	10.100
Vestfirðir	45	40	7.600	20.400	24.000	4.900	56.900
Norðurland	43	36	21.350	900	26.200	1.650	50.100
Austurland	41	30	16.000	4.000	25.500	3.100	48.600
Suðurland	38	26	15.000	22.400	12.100	5.500	55.000
	256	195	63.050	77.050	124.600	21.050	285.750
Byggða- og húsakannanir	1	0					0
Rannsóknir og önnur verkefni	7	4					4.000
Verndarsvæði í byggð	3	3					11.750
SAMTALS	267	202					301.500

Nánari upplýsingar um úthlutun ársins 2019 má finna á [heimasíðu Minjastofnunar](#).

10. Fjármál

10.1 Minjastofnun Íslands – rekstrarreikningur

Rekstrarafkoma Minjastofnunar Íslands árið 2019 var neikvæð um kr. 5.756.182. Höfuðstóll í ársbyrjun 2019, sem fluttur var frá fyrra ári, var kr. 3.381.081. Höfuðstóll eigin fjár var því í árslok 2019 neikvæður um kr. 2.375.101.

Framlag ríkissjóðs til reksturs Minjastofnunar var kr. 234.900.000. Innifalið í liðnum framlög og ýmsar tekjur er auk þess sérstakt framlag, kr. 20.000.000, frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti til að mæta óvæntum útgjöldum á árinu vegna m.a. lögfræðikostnaðar, viðgerða á húsnæði o.fl. Þar undir eru einnig tekjufærslur á styrkjum vegna verkefna sem styrkt voru í landsáætlun um uppbyggingu innviða. Kostnaður vegna verkefnanna er gjaldfærður undir liðnum annar rekstrarkostnaður.

Rekstrarreikningur 2019		
Minjastofnun Íslands		
Tekjur		
Tekjufærsla fjárveitinga		234.900.000
Framlög og ýmsar tekjur		37.425.060
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		7.491.000
	Tekjur samtals	279.816.060
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld		190.964.666
Framlög og tilfærslur		0
Annar rekstrarkostnaður		87.047.079
Afskriftir		7.491.000
	Gjöld samtals	285.502.745
	Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði	(-5.686.685)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur		(-69.497)
	Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals	(-69.497)
	Afkoma ársins	(-5.756.182)
Eigið fé		
Höfuðstóll í upphafi árs		3.381.081
Afkoma ársins		(-5.756.182)
Höfuðstóll í árslok		(-2.375.101)

10.2 Fornminjasjóður – rekstrarreikningur

Höfuðstóll fornminjasjóðs, sem fluttur var frá árinu 2018, var í ársbyrjun 2019 kr. 4.092.871. Afkoma sjóðsins á árinu 2019 var jákvæð um kr. 1.298.601. Höfuðstóll eigin fjár (ónýtt fjárheimild) í árslok 2019 var því kr. 5.391.472. Var hann fluttur yfir á árið 2020. Sjá nánar kaflann *Fornminjasjóður* á bls. 35.

Rekstrarreikningur 2019		
Fornminjasjóður		
Tekjur		
Tekjufærsla fjárveitinga		45.300.000
	Tekjur samtals	45.300.000
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld		1.572.154
Framlög og tilfærslur		42.280.000
Annar rekstrarkostnaður		149.245
	Gjöld samtals	44.001.399
	Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði	1.298.601
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur		0
	Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals	0
	Afkoma ársins	1.298.601
Eigið fé		
Höfuðstóll í upphafi árs		4.092.871
Afkoma ársins		1.298.601
Höfuðstóll í árslok		5.391.472

10.3 Húsafriðunarsjóður – rekstrarreikningur

Ársreikningur húsafriðunarsjóðs árið 2019 sýnir neikvæða afkomu um kr. 10.752.386. Hann sýnir einnig neikvæðan höfuðstól eigin fjár í lok árs sem nemur sömu upphæð. Á sama tíma eru ónýttar fjárveitingar til fjárfestinga í árslok 2019 kr. 51.769.813.

Í fjárlögum 2017 og 2018 var gerð sú breyting á fjárveitingum til sjóðsins frá fyrri árum að hluti af fjárheimildum hans var færður sem framlag til fjárfestinga. Sjóðurinn er hins vegar ekki í fjárfestingum heldur úthlutar styrkjum til verkefna og hefur kostnað af starfsemi húsafriðunarnefndar.

Gerðar voru athugasemdir á árinu 2019 við þessa meðhöndlun fjárheimilda og breyting á þeim til fyrra forms var framkvæmd að hluta á árinu 2019, eftir er að leiðrétta kr. 51.769.813, sem verður framkvæmt á árinu 2020. Neikvæð staða á


eigin fé í árslok 2019 mun eftir leiðréttingu á árinu 2020 verða í ársbyrjun 2020 jákvæð um kr. 41.017.427.

Undir liðnum framlög og ýmsar tekjur er framlag sveitarfélaga sem greiðist úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Sjá nánar kaflann Húsafriðunarsjóður á bls. 36.

Rekstrarreikningur 2019		
Húsafriðunarsjóður		
Tekjur		
Tekjufærsla fjárveitinga		219.500.000
Framlög og ýmsar tekjur		54.072.050
	Tekjur samtals	273.572.050
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld		1.265.581
Framlög og tilfærslur		280.579.000
Annar rekstrarkostnaður		2.475.418
	Gjöld samtals	284.319.999
Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði		(-10.747.949)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur		(-4.437)
	Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals	(-4.437)
	Afkoma ársins	(-10.752.386)
Eigið fé		
Höfuðstóll í upphafi árs		0
Afkoma ársins		(-10.752.386)
Höfuðstóll í árslok		(-10.752.386)
Ónýtt fjárveiting til fjárfestinga		51.769.813
Höfuðstóll í árslok með fjárveitingu til fjárfestinga		41.017.427

11. Starfsmenn



Forstöðumaður

Dr. Kristín Huld Sigurðardóttir

Forstöðumaður

Skrifstofa

Esther Anna Jóhannsdóttir

Fjármálastjóri

Hanna Jóhannsdóttir

Ritari

Rannsókn- og miðlunarsvið

Agnes Stefánsdóttir

Sviðsstjóri (fornleifafræðingur)

Ásta Hermannsdóttir

Verkefnastjóri (fornleifafræðingur)

Guðlaug Vilbogadóttir

Verkefnastjóri (fornleifafræðingur)

Oddgeir Isaksen

Verkefnastjóri (fornleifafræðingur)

Sigurður Bergsteinsson

Verkefnastjóri (fornleifafræðingur)

Sólrún Inga Traustadóttir

Verkefnastjóri (fornleifafræðingur)

Umhverfis- og skipulagssvið

Inga Sóley Kristjónudóttir

Verkefnastjóri (fornleifafræðingur)

Kristinn Magnússon

Verkefnastjóri (fornleifafræðingur)

María Gísladóttir

Verkefnastjóri (arkitekt)

Pétur Ármannsson

Sviðsstjóri (arkitekt)

Minjavarðasvið

Guðmundur St. Sigurðarson

Minjavörður Norðurlands vestra

Guðný Gerður Gunnarsdóttir

Minjavörður Reykjavíkur og nágrennis

Magnús A. Sigurðsson

Minjavörður Vesturlands

Sædís Gunnarsdóttir

Minjavörður Norðurlands eystra

Uggi Ævarsson

Minjavörður Suðurlands

Þór Hjaltalín

Sviðsstjóri/Minjavörður Suðurnesja

Þuríður Elísa Harðardóttir

Minjavörður Austurlands